

Egilsstaðaskóli

Fundur skólaráðs 3. desember 2025

Fundur hófst kl. 17:13

Mættir: Viðar skólastjóri sem stjórnar fundinum, Fjóla Hrafnkelsdóttir, (fulltrúi kennara) sem ritaði fundargerð, Jón Magnússon fulltrúi kennara, Ragna Sif fulltrúi almennra starfsmanna, Bylgja fulltrúi grenndarsamfélags, Borgþór fulltrúi foreldra, Gígja Rún og Árni Stefán fulltrúar nemenda.

1. Nýtt skólaráð

Í nýju skólaráði er Líska fulltrúi fyrir grenndarsamfélagið og Bylgja til vara. Fjóla Hrafnkelsdóttir og Jón Magnússon eru fulltrúar kennara, Viðar fyrir hönd stjórnenda, Ragna Sif fyrir hönd almennra starfsmanna, Rakel og Árni Stefán fyrir hönd nemenda og Gígja Rún til vara. Borgþór er mættur fyrir hönd foreldra en ekki er alveg komið á hreint hverjir verða í ráðinu fyrir þeirra hönd.

2. Fréttir úr skólastarfinu

- Tengsladagar eru nýir á nálinni og voru nemendur og starfsmenn sammála um að dagarnir hefðu tekist vel. Tengsl voru rættuð á milli nemenda innan bekkja og innan stiga sem var tilgangurinn með dögnum.
- Starfsdagur; skyndihjálparstarfsfólks. Rúm 90% starfsmanna sem fóru í gegnum námskeiðið. Mjög mikilvægt að stærsti hluti starfsfólks séu með þessa þjálfun.
- Árshátíð unglíngastígs. Nemendur innan ráðsins mjög ánægð með árshátíðina og sögðu það vera eitt það skemmtilegasta sem þau gerðu í skólastarfinu. Starfsmenn voru sammála um að það hefði vel tekist til.
- Jólaföndur foreldrafélagsins. Afar vel heppnað að þessu sinni. Fjáröflun 9. bekkjar sérlega vel heppnuð. Allt það sem var í boði fyrir nemendur og foreldra framúrskarandi. Þá var góð þátttaka frá nemendum og foreldrum.
- Umsjónardagur í 8. – 10. bekk. Þessir dagar hafa komið vel út. Það má ekki hafa tvo bleika daga umfram hjá einu stigi eins og það hefur verið skipulagt en elsta stig er með tveimur fleiri dögum en á öðrum stigum. Þetta verður endurskoðað og fundin lausn á fyrirkomulaginu.
- Fullveldisdagurinn. Það var metnaðarfull, skemmtileg og hátíðarleg dagskrá að þessu sinni eins og hefur verið undanfarin ár. Vel heppnaður dagur sem nemendur og starfsmenn nutu. Umræða um að hafa viðburðinn á skólalagatali.
- Söngstundir í 1. – 3. bekk. Á miðvikudögum kl. 9 er söngstund fyrir nemendur í 1. – 3. bekk og er það stefnan að halda þeim áfram. Mikilvægt fyrir jákvæðan skólabrag.

Framundan fram að næsta fundi í skólaráði.

- Jólasamverustund starfsmannafélagsins á morgun.
- Jólaskemmtun nemenda 18. og 19. desember. Unglíngastigið er með jólakvöld 18. desember og eru komin í jólafrí að því loknu. 7. bekk er boðið sem sérstökum gestum á þá skemmtun. Um er að ræða tvöfaldan dag hjá þeim. 1. – 6. bekkur mætir 19. desember og þá eru stofujól og dansað í kringum jólatréð.

- Umsjónardagur í 1. – 10. bekk mánudaginn 19. janúar. Vanda frá KVAN kemur fimmtudaginn 8. janúar og undirbýr daginn með starfsfólki.
- Árshátíð miðstigs er 5. febrúar.
- Öskudagurinn er 18. febrúar.
- Opinn fundur í skólaráði er 25. febrúar. Það væri skemmtilegt að fá sem flesta gesti á þann fund. Það er bent á það þurfi að auglýsa með góðum fyrirvara og það sé áhugaverð og skemmtileg fræðsla. Tillaga kemur um að það verði súpa í boði. Þá er spurning hvort að það eigi að hafa fræðslu og svo skoðanaskipti um námsmat. Góð umræða skapaðist um námsmatið og ætlað Viðar að skoða betur hvað verður ofan á.

3. Farsældarsáttmálinn

Viðar kynnir framkvæmd á farsældarsáttmálanum.

Farsældarsáttmálinn er verkfæri sem gerir foreldrum og öðrum sem koma að degi barnsins kleift að ræða sín á milli og setja niður ákveðin viðmið eða gildi sem þeim finnast mikilvæg til þess að styðja við þroska og farsæld allra barna í nærsamfélaginu. Hann gefur foreldrum tækifæri til þess að forma samstarf sín á milli og styrkja foreldrastarfið.

- Boða á alla bekkjarfulltrúa á fund og skipuleggja saman
- Bekkjarfulltrúar boða til fundar í sínum bekk og gera farsældarsáttmálann
- Sáttmálinn verður hengdur upp í stofum bekkjanna

Það er hugmynd um að það verði hægt að fá þá sem ekki mæta á vinnufundin til að skrifa undir farsældarsáttmálann á fundi í upphafi skólaárs, nemendaviðtölum eða nemendastýrðu viðtölunum. Þannig væru allir foreldrar meðvitaðir um sameiginleg markmið sem koma að nemendum. Hóparnir eru þá með sameiginleg gildi og viðmið er varðar farsæld þeirra og allir forráðamenn meðvitaðir um að þau hafi samþykkt að fylgja þeim eftir. Á næsta skólaári væri mögulega hægt að nýta hluta af kynningarfundum að hausti í þessa vinnu þannig að sáttmálarnir verði tilbúnir snemma á skólaárinu.

Stefnt að hefja vinnu við þetta í janúar 2026.

4. Aðalfundur foreldrafélagsins

Um daginn var aðalfundur foreldrafélagsins. Fyrst var kynning á farsældarsáttmálanum og svo aðalfundurinn sjálfur. Þrjár greinar í lögum félagsins breyttust. Mættir voru 25 foreldrar sem er mikil framför þó að það hefði verið gott að sjá fleiri. Tillaga kom um að breyta skipun í stjórn foreldrafélagsins. Það var samþykkt að yrðu 5 foreldrar úr 4. bekk og 2 foreldrar úr 3. bekk til vara. Það skal tekið fram að enn er öllum foreldrum frjálst að bjóða sig fram. Þetta er gert til þess að fólk festist ekki í stjórninni vegna þess að enginn bjóði sig fram til setu. Þá kom upp tillaga um að ákveða að aðalfundur foreldrafélagsins yrði í upphafi skólaárs eða í síðasta lagi í september. Þessi tillaga var samþykkt. Að lokum kom upp tillaga um að það yrðu 2 foreldrar úr stjórn foreldrafélagsins inn í skólaráðið og var það einnig samþykkt.

5. Farsældarráð Austurlands

Það vantar fulltrúa foreldra í farsældarráð Austurlands úr foreldrahópi Múlapings. Einn aðalman og einn til vara. Reiknað er með tveimur fundum á ári og mögulega aukafundi á fyrsta ári. Farsældarráðin eru vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna og kveðið um stofnun þeirra í 5. gr Farsældarlaganna. [86/2021: Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna | Lög | Alþingi.](#)

Viðar bað um að allir í skólaráði myndu hafa í huga mögulega fulltrúa. Viðar sendir einnig póst á alla foreldra.

6. Kynning frá Nemendaráði

Árni Stefán var með kynningu á nemendaráði og því sem þau hafa áhuga á að gera á þessu skólaári. Hann nefndi að jóladagatal elsta stigs (einhverjir dagar eiga við allan skólann) væri komið í framkvæmd. Hann nefnir meðal annars nýja viðburði eins og Rósaball og sameiginlega samveru með öllu elsta stigi utan skóla eins og t.d. myrkrafeluleik í skólanum sem hefur verið mjög vinsæl á bekkjarkvöldum. Árni hefur verið í góðu samstarfi við Sigrúnu Blöndal varðandi þessar óskir og aðrar óskir sem nemendur hafa komið á framfæri til nemendaráðs.

Nemendaráð hefur farið svolítið seint á stað að þessu sinni og sköpuðust umræður um hvort mætti flýta upphafi þess.

7. Önnur mál

Borgbór spurði út í tónmenntakennslu innan skólans, hvort að það stæði til að reyna koma því inn í námið. Viðar svarar á þá leið að þetta sé eitthvað sem er skoðað reglulega. Það hefur verið auglýst eftir tónmenntakennara áður en hefur ekki verið gert undanfarið.

Það 16. apríl er stefnt að því að hafa Nemendaþing fyrir nemendur í Múlaþingi. Ekki eru komnar frekari upplýsingar um staðsetningu eða dagskrá.

Viðar segir frá lyftunni sem á að koma frá matsal og upp á kennaragang. Lyftan kemur í mars 2026. Það hefur mikil áhersla verið lögð á að þetta verði sett í forgang þar sem leiðin fyrir þá sem eru í hjólastól sé allt of löng.

Viðar segir frá því að það standi til að setja upp aðgangsstýringu inn í skólann. Frekari upplýsingar koma varðandi það síðar.

Ragna spyr um klukku á bakvið svið, það verði að vera klukka þar en þar borða nokkrir nemendur. Árni hefur verið í samskiptum við Sigrúnu Blöndal varðandi það. Viðar skoðar betur hvernig staðan er varðandi það.

Fundi slitið kl. 18:30.